

MINNISSPJALD FYRIR SJÚKLINGA Á MEÐFERÐ MEÐ ILARIS

ILARIS®

(canakinumab)

**150 mg stungulyf, til nota undir húð
til meðferðar við Stillssjúkdómi, þar á meðal
Stillssjúkdómi hjá fullorðnum
og sjálfvakinni, fjölkerfa barnaliðagigt**

Nafn sjúklings:

Vegna barna: Nafn foreldris/umönnunaraðila:

Dagsetning fyrsta skammts af Ilaris:

Gefinn Ilaris skammtur:

Nafn læknis:

Símanúmer læknis:

Áður en meðferð með llaris er hafin

- **Sýkingar:** Þú ættir ekki að fá meðferð með llaris ef þú ert með virka sýkingu sem þarfnast læknisfræðilegs inngríps.
- **Bólusetningar:** Hafðu samband við lækinn varðandi bólusetningar sem þú gætir þurft að fá áður en meðferð með llaris er hafin. Ef þú þarft að fá lifandi bóluefni eftir að meðferð með llaris er hafin skalt þú ræða þetta við lækinn.

Meðan á meðferð með llaris stendur

- **Hætta á sýkingum:** Notkun llaris tengist aukinni hættu á sýkingum, einnig alvarlegum sýkingum.
- Ef þú færð sýkingu gæti þurft að gera hlé á meðferð þinni með llaris. Segðu læknum strax frá því ef þú hefur haft hita lengur en í 3 daga eða önnur einkenni sem gætu verið vegna sýkingar.
- Leitaðu **tafarlaust** til lækis ef þú færð einkenni svo sem:
 - skjálfta, kuldaþroll, lasleika, verki í líkamanum, yfirleitt í tengslum við skyndileg veikindi, eða
 - særindi í hálsi eða sár í munn, slím í öndunarvegi, brjóstverk, öndunarerfiðleika, eða
 - langvarandi hita, hósta eða höfuðverk, verk í eyra, eða
 - staðbundinn roða, hita eða þrota í húðinni, eða
 - þrálátan hósta, lystrarleysi, minnkun líkamsþyngdar og hitavellu.
- **Stórátfrumuvirkjunarheilkenni (macrophage activation syndrome):** Stórátfrumuvirkjunarheilkenni (stórátfrumur eru ein tegund hvítra blóðkorna) er sjúkdómur sem getur komið fram hjá sjúklingum með Stillssjúkdóm og getur verið lífshættulegur. Segðu læknum strax frá því ef einkenni Stillssjúkdóms hjá þér verða verri eða ef þú ert með einkenni sýkingar.

Meðgangi og brjóstgjöf

- llaris hefur ekki verið rannsakað hjá þunguðum konum. Æskilegast er að forðast að verða þunguð og þú skalt nota örugga getnaðarvörn á meðan notkun llaris stendur og í a.m.k. 3 mánuði eftir síðustu meðferð með llaris. Það er mikilvægt að segja læknum frá því ef þú ert þunguð, ef þú heldur að þú gætir verið þunguð eða ef þú ráðgerir að verða þunguð. Læknirinn mun ræða við þig um hugsanlega áhættu sem fylgir því að nota llaris á meðgöngu.
- Ef þú fékkst llaris á meðgöngu er mikilvægt að þú látir lækni barnsins eða hjúkrunarfræðing vita áður en barnið fær bólusetningu af einhverju tagi. Barnið á ekki að fá lifandi bóluefni fyrr en að minnsta kosti 16 vikum liðnum eftir að þú fékkst síðasta skammtinn af llaris fyrir barnsfæðingu.
- Ekki er vitað hvort llaris berst í brjóstamjólki. Læknirinn mun ræða við þig hugsanlega áhættu sem fylgir því að nota llaris á meðan barn er haft á brjósti.

Meðferð

Vertu viss um að hafa meðferðis **lista yfir öll lyf** sem þú notar þegar þú ferð í heimsóknir til heilbrigðisstarfsmanns.